



**Borgarráð  
Ráðhúsi Reykjavíkur**

***Efni: Staða biðlista fyrir heimaþjónustu og hjúkrunarrými – R19040141***

Á fundi borgarráðs þann 11. apríl 2019 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram eftirfarandi fyrirspurn, sem vísað var til velferðarsviðs:

„Flokkur fólks óskar eftir að fá nýjar upplýsingar um stöðu eldri borgara er varðar bið eftir heimaþjónustu og hjúkrunarrýmum? Staðan í desember 2018 var sú samkvæmt velferðarsviði að 53 einstaklingar lágu á bráðadeildum LSH vegna skorts á hjúkrunarrýmum á höfuðborgarsvæðinu en höfuðborgarsvæðið myndar eitt heilbrigðisumdæmi, 67 einstaklingar biðu á biðdeildum sem LSH rekur. Á annan tug biðu eftir heimahjúkrun. Borgarfulltrúi er ósáttur við að tillagan um Hagsmunafulltrúa eldri borgara var hafnað. Öldungaráð Reykjavíkur veitti umsögn þar sem segir „að nú þegar sé verið að fjalla um þessi mál auk þess sem starfandi sé umboðsmaður borgarbúa sem fer meðal annars með málefni eldri borgara og taldi ekki þörf á stofnun sérstaks hagsmunafulltrúa í Reykjavík fyrir aldraða“. Engu að síður berast fréttir af eldri borgurum í neyð. Tillagan um hagsmunafulltrúann fól í sér að hann myndi skoða málefni eldri borgara ofan í kjölinn, halda utan um hagsmuni þeirra og fylgjast með aðhlyningu og aðbúnaði. Hagsmunafulltrúinn átti að kortleggja stöðuna í heimahjúkrun, dægradvöl og að heimaþjónusta fyrir aldraða. Sá „þjónustufulltrúi“ sem meirihlutinn leggur til að verði ráðinn kemur ekki í staðinn fyrir „Hagsmunafulltrúa“ Flokks fólksins enda sinnir sá fyrrnefndi aðeins upplýsingamiðlun.

**Svar:**

**Biðlistar í heimaþjónustu**

Heimaþjónusta sem veitt er á velferðarsviði skiptist í félagslega heimaþjónustu og heimahjúkrun. Félagsleg heimaþjónusta er fyrir þá sem búa í heimahúsum og geta ekki séð hjálparlaust um heimilishald og persónulega umhirðu vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, veikinda, barnsburðar eða fötlunar. Heimahjúkrun, sem er veitt af hjúkrunarfræðingum eða sjúkraliðum er fyrir þá sem búa í heimahúsum og þarfnast sérhæfðrar hjúkrunar. Á árinu 2018 fengu alls 3.608 einstaklingar heimaþjónustu, þar af voru 2.830 einstaklingar eldri en 67 ára eða 78,4%.



Forgangsraðað er í heimaþjónustu eftir sérstökum viðmiðum. Í flokk 1 eru metnir þeir sem þurfa nauðsynlega á daglegri aðstoð að halda. Þar eru þeir sem hafa verið metnir í þörf fyrir vistun á hjúkrunarheimili. Enginn er á biðlista í flokki 1.

#### **Biðlistar eftir félagslegri heimaþjónustu**

Þann 1. apríl 2019 voru alls 67 einstaklingar á biðlista eftir félagslegri heimaþjónustu. Af þeim voru 43 einstaklingar eldri en 67 ára, eða 64,2%. Einnig eru alls 80 einstaklingar sem nú þegar fá heimaþjónustu á biðlista eftir meiri þjónustu. Af þeim eru alls 78 einstaklingar eldri en 67 ára eða 97,5 %.

#### **Biðlistar í heimahjúkrun**

Á árinu 2018 fengu alls 2.268 einstaklingar heimahjúkrun, þar af 1.814 einstaklingar sem eru eldri en 67 ára eða 80%.


Þann 15. apríl voru alls fimm einstaklingar á biðlista eftir heimahjúkrun. Fjórir einstaklingar á biðlista eftir dagþjónustu heimahjúkrunar og einn á bið eftir kvöldþjónustu. Auk þess eru 12 einstaklingar sem nú þegar eru með heimahjúkrun á daginn á bið eftir kvöldþjónustu. Fjórir einstaklingar sem eru í þjónustu á daginn og kvöldin eru á biðlista eftir þjónustu um helgar. Allir sem eru á biðlistanum eru 67 ára eða eldri að undanskildum þremur einstaklingum.

#### **Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum**

Hjúkrunarheimili eru rekin af ríkinu samkvæmt lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999. Embætti landlæknis hefur eftirlit með heilbrigðisþjónustu og fylgist reglulega með aðgengi að þeirri þjónustu, svo sem biðlistum og biðtíma, þ.m.t. eftir hjúkrunarheimilum. Áður en hægt er að sækja um dvöl á hjúkrunarheimili þarf fyrst að fara fram færni- og heilsumat. Færni- og heilsumatsnefndir eru sjö og starfa í hverju heilbrigðisumdæmi landsins.

Samkvæmt upplýsingum frá Færni- og heilsumatsnefnd á höfuðborgarsvæðinu þann 15. apríl 2019 eru alls 433 einstaklingar á biðlista eftir varanlegri vistun á landinu öllu, þar af eru 273 einstaklingar á höfuðborgarsvæðinu á biðlista og af þeim eru 158 með lögheimili í Reykjavík.

Virðingarfyllst,



---

Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri